

Samantekt ályktana stjórnmalasamtaka um leiðréttingu og afnám verðtryggingar

Uppfærð 1.1.2013

Samfylkingin

[Úr stjórnmaláályktun landsfundar 2011:](#)

“Forsenda efnahagslegrar sóknar er úrlausn skuldavanda heimila og fyrirtækja. Ríkar kröfur þarf að gera til fjármálafyrirtækja um að hraða endurskipulagningu skulda fyrirtækja og einstaklinga og tryggja að unnið sé eftir samræmdum og gagnsæjum reglum. Mikilvægt er að fjármálastofnanir láti ekki staðar numið við úrlausn skuldavanda þótt rými til afskrifta sé talið fullnýtt. Tekin verði frekari skref til að draga úr vægi verðtryggingar og núverandi úrræði fólks í greiðsluvanda rýnd meðal annars með tilliti til þess hóps sem fjármagnaði íbúðakaup með lánsveðum. Greiða þarf fyrir samkeppni á fjármálamarkaði, auka réttindi og vernd neytenda og skoða aðskilnað fjárfestinga- og viðskiptabankastarfsemi.”

Vinstrihreyfingin - grænt framboð

[Úr ályktunum landsfundar 2011:](#)

“Lánamál heimilanna

Í ljósi þess að enn ríkir engin sátt um lánamál heimilanna hvetur landsfundur til að komið verði á sameiginlegum vettvangi, þar sem deiluaðilar verði leiddir saman, sem hafi það að markmiði að finna málamiðlun. Samningar eru forsenda sátta.

Stór hópur ungs fólks sem keypti sína fyrstu íbúð á árunum fyrir hrun hefur í takmörkuðu mæli getað nýtt sér úrræði í þágu skuldsettra heimila, þ.e. fólk sem fékk lánsveð hjá ættingjum. Landsfundur hvetur til þess að lögum og/eða reglugerðum verði breytt um þessi úrræði þannig að þessi hópur hljóti réttláta úrlausn sinna mála.”

“Staða skuldara

Landsfundur VG telur nauðsynlegt að gætt verði jafnræðis milli lántakenda sem lögðu eignir til húsnæðis kaupa og þeirra sem fjármögnuðu kaup sín með hærra lánshlutfalli. Þá getur það ekki talistréttmætt að lán sem færð voru frá þrotabúunum til nýju bankanna á undirverði séu innheimt á fullu verði, með auknum verðbótum vegna bankahrunsins, á sama tíma og bankarnir skila milljarða hagnaði.”

[Úr ályktunum flokksráðsfundar 25.2.2012:](#)

“Ályktun um lánamál

Flokksráð VG vill að VG hafi frumkvæði að því að móta leiðir til að draga úr skuldavanda heimila og fyrirtækja. Brýnt er að afnema verðtryggingu og leiðréttu þá okurvaxtabyrði og auknu skuldabyrði sem hún hefur valdið eftir hrun fjármálakerfisins. Fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins eru

Samantekt ályktana stjórnálagasamtaka um leiðréttingu og afnám verðtryggingar

Uppfærð 1.1.2013

sérstaklega hvött til að ganga á undan með góðu fordæmi."

Sjálfstæðisflokkurinn

[Úr stjórnálagályktun landsfundar 2011:](#) "Draga ber jafnt og þétt úr áhrifum verðtryggingar... "

"Nýtum tækifærin – sátt um stöðu heimilanna ...

Sjálfstæðisflokkurinn vill færa niður höfuðstól verðtryggðra og gengistryggðra húsnæðislána. Þessi aðgerð og önnur endurskipulagning skulda heimilanna er forsenda fyrir auknum hagvexti og framtíðaruppbyggingu íslensks þjóðfélags. Aðgerðir til lausnar skuldavanda einstaklinga eiga að vera almennar en ekki það sértækar að leiði til mismununar borgaranna og brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar."

[Úr ályktun landsfundar 2011 um fjármál heimilanna:](#)

"Úrvinnsla skulda heimilanna eftir hrun ...

Sjálfstæðisflokkurinn vill færa niður höfuðstól verðtryggðra og gengistryggðra húsnæðislána. Þessi aðgerð og önnur endurskipulagning skulda heimilanna er forsenda fyrir auknum hagvexti og framtíðaruppbyggingu íslensks þjóðfélags. Aðgerðir til lausnar skulda einstaklinga eiga að vera almennar en ekki það sértækar að leiði til mismununar borgaranna og brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar."

"Fjármögnun íbúðarhúsnæðis ...

Verðtrygging neytendalána á ekki að vera valkostur í nútímasamfélagi."

Framsóknarflokkurinn

[Úr ályktunum flokksþings 2011:](#)

"Ályktun um efnahagsmál, fjármál ríkisins, skattamál og viðskipti ...

...Samræma ber, eins og kostur er, aðgerðir opinberra aðila s.s. ríkissjóðs, Seðlabanka, Íbúðalánasjóðs, Bankasýslu ríkisins, sveitarfélaga og annarra við efnahagsstjórnun og framkvæmd peningastefnu.

Mikilvægt er að samstarf takist milli fyrrgreindra aðila með það að markmiði að afnema verðtryggingu og fjölga kostum óverðtryggðra lána, svo sem fasteignalána."

Úr efnahagstillögum Framsóknarflokksins ([Plan B](#)) um endurskipulagningu skulda:

1. "Verðtrygging verði afnumin í skrefum. Óverðtryggðum lánakostum verði fjölgað og stutt við fjölgun búsetuforma, m.a. með eflingu leigumarkaðar.
2. Óvissu um skuldir heimila og fyrirtækja verði eytt eins fljótt og kostur er. Breyta þarf

Samantekt ályktana stjórnmalasamtaka um leiðréttingu og afnám verðtryggingar

Uppfærð 1.1.2013

vaxtalögum þannig að bráðabirgðaákvæði nái einnig til fyrirtækjalána auk lána heimila.

3. Svigrúm fjármálastofnana verði nýtt til almennrar leiðréttingar skulda heimilanna eftir því sem kostur er eins og Framsóknarflokkurinn hefur áður lagt til, eða með öðrum almennum aðgerðum sem stefna að sama marki. ...”

Samstaða, flokkur lýðræðis og velferðar

Úr grundvallarstefnuskrá:

“Neytenda-, húsnæðis- og lífeyrissjóðsmál ...

Samstaða – flokkur lýðræðis- og velferðar vill efla neytendavernd með umbótum á löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur, virku eftirliti og öflugri upplýsingamiðlun. Þetta á sérstaklega við um stöðu lántaka, heimila og fyrirtækja gagnvart lánveitendum. Forsendubrestur á lánamarkaði síðustu ára verði leiðréttur með almennri skuldaleiðréttingu...

...Samstaða vill að verðtrygging neytendalána verði afnumin og komið verði á norrænu fasteignalánakerfi...”

Úr ályktun landsfundar 2012:

“...um verðtryggingu, framfærsluvanda og skuldamál heimilanna

Landsfundur skorar á Alþingi að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa vinnuhóp óháðra sérfræðinga til að kanna lögmæti verðtryggingar og útfæra almenna leiðréttingu fasteignaveðlána heimilanna. Þar sem nú þegar liggur fyrir kæra Hagsumasamtaka heimilanna um lögmæti verðtryggingar skorar landsfundur einnig á Alþingi að sjá til þess að sú kæra fái flýtimeðferð fyrir dómi. Afnám verðtryggingar á neytendalán og endanleg niðurstaða í dómsmálum um lögmæti hennar er stærsta hagsmunamál heimilanna í landinu og áframhaldandi óvissa í þeim málum er ólíðandi.

Landsfundur vill jafnframt benda á leið við almenna leiðréttingu fasteignaveðlána heimilanna. Leiðrétting fer þannig fram að Seðlabankinn gefur út skuldabréf sem hann „lánar“ eignarhaldsfélagi sínu. Heimilin fá síðan greiðslu frá eignarhaldsfélagi Seðlabankans sem nemur leiðréttingunni eða upphæð skuldabréfsins og nota hana til að greiða niður fasteignaveðlán sín. Eingreiðslan sem hver og einn fær á að duga til að greiða niður skuldir sem til eru komnar vegna hækkunar vísitölu neysluverðs frá árslokum 2007 og eru umfram verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands. Skuld eignarhaldsfélags Seðlabankans við lánastofnanir verður óverðtryggð og greidd niður á 40 árum með skatti á hagnað lánastofnana.”

Dögun

[Úr kjarnastefnu:](#)

“Öflugar aðgerðir í þágu heimila

Leysa verður skuldavanda heimilanna með róttækum hætti og bæta aðstöðumun almennings gagnvart fjármálavaldinu. Leita skal lausna á forsendum lántakandans frekar en lánveitandans. Við viljum tafarlaust afnám verðtryggingar á neytendalánnum og almenna leiðréttingu húsnæðislána. Þá viljum við að lágmarks framfærsluviðmið verði lögfest og að vextir í landinu verði hóflegir.”

Hreyfingin

[Úr stefnuskrá:](#)

“Víðtækar aðgerðir til hjálpar heimilum og fyrirtækjum

Alvarleg staða heimilanna verði tafarlaust lagfærð með því að færa vísitölu verðtryggingar handvirkt fram fyrir hrun hagkerfisins (janúar 2008) og hækkanir höfuðstóls og afborganir húsnæðislána til samæmis við það.

Raunvextir á verðtryggðum lánnum verði að hámarki 2% - 3% og afborgunum af húsnæðislánnum verði hægt að fresta um tvö ár með lengingu lánsins um þann tíma. Skuldabyrði heimila vegna gengistryggðra íbúðalána verði lagfærð í samræmi við lagfæringu verðtryggðra íbúðalána. Náð verði samkomulagi við eigendur verðtryggðra húsnæðislána um að þeim verði breytt í skuldabréf með föstum vöxtum og verðtryggingarákvæði í lánasamningum verði bönnuð.”

[Úr þingsályktunartillögu um afskriftasjóð fasteignaveðlána:](#)

“...efnahags- og viðskiptaráðherra skipi þriggja manna starfshóp, óháðan hagsmunaaðilum, sem útfæri áætlun um almenna niðurfærslu á verðtryggðum fasteignaveðlánnum heimila.”

Borgarahreyfingin

[Úr stefnuvirlýsingu 2011:](#)

“Efnahagsmál

Alvarleg skuldastaða heimilanna verði tafarlaust lagfærð vegna forsendubrests, með því að færa vísitölu verðtryggingar fram fyrir hrun hagkerfisins (til janúar 2008). Höfuðstóll og afborganir húsnæðislána lækki til samæmis við það. Í framhaldinu verði gert samkomulag við eigendur verðtryggðra húsnæðislána um að breyta þeim í skuldabréf með föstum vöxtum og verðtryggingarákvæði í lánasamningum verði afnumin.

Samantekt ályktana stjórnálagasamtaka um leiðréttingu og afnám verðtryggingar

Uppfærð 1.1.2013

Skuldabyrði heimila vegna gengistryggðra íbúðalána verði lagfærð í ljósi þess að gengistryggingarákvæðin voru ólögleg og lánveitendum verði gert að axla fulla ábyrgð.

Afnema skal verðtryggingu húsnæðislána, Slík verðtrygging brýtur í bága við evrópskar reglur um neytendavernd sem Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða. ...”

Frjálslyndi flokkurinn

[Úr málefnahandbók:](#)

“Vaxtamál ...

Lækkum vexti og fjármagnskostnað og afnemunum verðtryggingu af lánum.”

Hægri grænir

[Efnahagsmál: Heimilin](#)

“Hægri grænir, flokkur fólksins vill setja sérstök **Neyðarlög** og stofna Leiðréttingarsjóð verðtryggðra húsnæðislána vegna skuldavanda heimilanna... Afnema verður verðtryggingu íbúðalána strax. Flokkurinn vill fara svokallaða skiptigengisleið og ætlar að leiðrétta ranglætið sem fjölskyldum þessa lands hefur verið sýnt og fara í almenna skuldaniðurfellingu”

“Verðtryggð húsnæðislán á Íslandi verða að heyra sögunni til

Útgáfa verðtryggðra skuldabréfa er að langstærstum hluta hjá heimilum í landinu. Það er kerfisskekkja sem þarf að leiðrétta. Almenn umræða um verðtryggingu fjárskuldbindinga hefur að stærstum hluta snúist um hvort afnema eigi verðtryggingu að fullu eða hafa hana óbreytta. Hér að neðan er bent á tvær aðrar leiðir sem eru færar til þess að leiðrétta skuldavandamál heimilanna.”

[Efnahagsmál: Ólögleg verðtrygging](#)

“Eru verðtryggð lán ólögleg?”

Með lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti sem tóku gildi 1. nóvember 2007, var innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (e. Markets in Financial Instruments Directive eða svokölluð MiFID-tilskipun). ...

...verðtryggð lán eru ekkert annað en flóknir afleiðusamningar og þar af leiðandi ættu þau að heyra undir þá neytendavernd, sem lög um verðbréfavíðskipti og MiFID veita. Hvað sem öðru líður þá gætu verðtryggð húsnæðislán hafa verið seld ólöglega eftir að lögin tóku gildi 1. nóv. 2007 og fæst varla úr því skorið nema fyrir dómstólum.”

Björt framtíð

[Úr ályktun stjórnar Bjartrar framtíðar nr. 1:](#)

“Efnahagslífið og atvinnan

Við viljum beita okkur fyrir því að:

Á Íslandi ríki efnahagslegt jafnvægi með stöðugum gjaldmiðli og þar með lækki húsnæðisvextir, verðtrygging verði lögð af, rekstrarskilyrði fyrirtækja batni og Íslendingar njóti frjálsra alþjóðlegra viðskipta.

Fólk geti tekið sambærileg húsnæðislán og víðast í Evrópu og borgað þau niður á sanngjörnum kjörum. ...”

Annað

[Spurningar HH til stjórnálasamtaka fyrir kosningar í apríl 2009 og svör](#)

[Skoðanakönnun Capacent fyrir HH í október/nóvember 2011](#)